

**FRAMSELD ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/1602****2018/EES/31/02****frá 5. júní 2015****um jafngildi gjaldþols- og varfærnisreglna fyrir váttrygginga- og endurtryggingafélög sem í gildi eru í Sviss, byggt á 172. gr. (2. mgr.), 227. gr. (4. mgr.) og 260. gr. (3. mgr.) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾, einkum 172. gr. (2. mgr.), 227. gr. (4. mgr.) og 260. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun 2009/138/EB er komið á áhættumiðuðum varfærnisreglum fyrir váttrygginga- og endurtryggingafélög í Sambandinu. Full beiting tilskipunar 2009/138/EB gagnvart váttryggjendum og endurtryggjendum í Sambandinu hefst 1. janúar 2016.
- 2) Jafnvel þótt tilskipuninni um Gjaldþolsáætlun II verði að fullu beitt frá og með 1. janúar 2016 getur framkvæmdastjórnin nú þegar samþykkt þessa framseldu ákvörðun eins og tilgreint er í 311. gr. Gjaldþolsáætlunar II-tilskipunarinnar.
- 3) Ákvæði 172. gr. tilskipunar 2009/138/EB tengjast jafngildi gjaldþolsreglna í þriðja landi sem gilda um endurtryggingastarfsemi félaga með aðalskrifstofu í því þriðja landi. Jákvæð ákvörðun um jafngildi gerir kleift að meðhöndla endurtryggingarsamninga sem gerðir eru við félög með aðalskrifstofu í því þriðja landi á sama hátt og endurtryggingarsamninga sem gerðir eru við félög sem fengið hafa starfsleyfi í samræmi við þá tilskipun.
- 4) Ákvæði 227. gr. tilskipunar 2009/138/EB tengjast jafngildi váttryggjenda í þriðja landi sem eru hluti af samstæðum með aðalskrifstofu í Sambandinu. Jákvæð ákvörðun um jafngildi gerir slíkum samstæðum kleift, þegar frádráttar- og samlagningaráðferð er notuð sem samstæðureikningsskilaaðferð fyrir samstæðugagnaskil þeirra, að taka mið af útreikningnum á gjaldþolskröfum og tiltæku gjaldþoli (e. *own funds*) samkvæmt reglum lögsögu utan Sambandsins í stað þess að reikna þær út á grunni tilskipunar 2009/138/EB, í þeim tilgangi að reikna út gjaldþolskröfu samstæðunnar og hæft gjaldþol.
- 5) Ákvæði 260. gr. tilskipunar 2009/138/EB tengjast jafngildi váttrygginga- og endurtryggingafélaga ef móðurfélag þeirra er með aðalskrifstofu utan Sambandsins. Í samræmi við 1. mgr. 261. gr. tilskipunar 2009/138/EB, í tilviki jákvæðrar ákvörðunar um jafngildi, reiða aðildarríki sig á að jafngilt samstæðueftirlit sé ástundað af samstæðueftirlitsyfirlöndum í þriðja landi.
- 6) Lagareglur í þriðja landi teljast að fullu jafngildar þeim sem settar eru með tilskipun 2009/138/EB ef þær fullnægja kröfum sem mæla fyrir um sambærilegt stig verndar fyrir váttryggingartaka og váttryggða. Ákvörðun um fullt jafngildi skv. 172. gr. (2. mgr.), 227. gr. (4. mgr.) og 260. gr. (3. mgr.) hefur ótakmarkaðan gildistíma, nema hún sé felld niður.
- 7) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) veitti, 9. mars 2015, framkvæmdastjórninni ráðgjöf, skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins ⁽²⁾ (ESB) nr. 1094/2010, um reglugerða- og eftirlitskerfið fyrir váttrygginga- og endurtryggingafélög og -samstæður sem í gildi eru í Sviss. Ráðgjöf Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar er byggð á viðkomandi lagaramma Sviss, þ.m.t. svissnesku eftirlitsgerðinni um fjármálamarkaði (e. *Financial Market Supervisory Act (FINMASA)*) frá 22. júní 2007, sem öðlaðist gildi 1. janúar 2009, eftirlitsgerðinni um váttryggingar (e. *Insurance Supervision Act (ISA)*) frá 17. desember 2004 og eftirlitsreglugerðinni um váttryggingar (e. *Insurance Supervision Ordinance (ISO)*) ⁽³⁾. Framkvæmdastjórnin hefur byggt mat sitt á upplýsingunum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur veitt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 95. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

⁽³⁾ Eftirlitsreglugerðin um váttryggingar (ISO) var samþykkt af ríkisstjórn Sviss 25. mars 2015, og öðlaðist gildi 1. júlí 2015.

- 8) Að teknu tilliti til ákvæðanna í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ⁽¹⁾, einkum 378., 379. og 380. gr., sem og ráðgjafar Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar, skal beita nokkrum viðmiðunum til að meta jafngildi samkvæmt 172. gr. (2. mgr.), 227. gr. (4. mgr.) og 260. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2009/138/EB, eftir því sem við á.
- 9) Þessar viðmiðanir fela í sér tilteknar kröfur sem eru sameiginlegar tveim eða fleiri af 378., 379. og 380. gr. framseldar reglugerðar (ESB) 2015/35, sem gilda á stigi einstakra ⁽²⁾ váttrygginga- og endurtryggingafélaga og á stigi váttrygginga- og endurtryggingasamstæðna, og sem ná yfir valdsvið, gjaldþol, stjórnunarhætti, gagnsæi, samvinnu milli yfirvalda og meðhöndlun trúnaðarupplýsinga, og áhrif ákvarðana á fjármálastöðugleika.
- 10) Í fyrsta lagi varðandi aðferðir, valdheimildir og ábyrgðir, hefur svissneski fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA) heimild til að hafa eftirlit með váttrygginga- og endurtryggingastafsemi, á skilvirkan hátt, og kveða á um viðurlög eða grípa til fullnustuaðgerða ef nauðsyn krefur, t.d. að ógilda starfsleyfi félags eða skipta út stjórn þess að öllu leyti eða að hluta. Svissneski fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA) hefur nauðsynlegt fjármagn og mannauð, sérfræðikunnáttu, getu og umboð til að veita váttryggingartökum og váttrygðum vernd, á skilvirkan hátt.
- 11) Í öðru lagi, varðandi gjaldþol, er í svissnesku gjaldþolsprófuninni (SST) við mat á fjárhagsstöðu váttrygginga- eða endurtryggingafélaga eða -samstæðna stuðst við traustar hagrænar meginreglur og gjaldþolskröfur sem byggja á fjárhagslegu mati á öllum eignum og skuldum. Með svissnesku gjaldþolsprófuninni (SST) eru váttrygginga- eða endurtryggingafélög krafin um að mæla fyrir um viðmiðanir fyrir váttryggingaskuld, fjárfestingar, gjaldþolskröfur (þ.m.t. lágmarksstig fjármagns) og gjaldþol, ásamt því að svissneski fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA) grípi tímanlega inn í ef gjaldþolskröfunum er ekki hlítt eða hagsmunum váttryggingartaka er ógnað. Gjaldþolskröfurnar eru áhættumiðaðar, með það að markmiði að ná utan um mælanlegar áhættur. Ef áhætta er ekki mælanleg er henni mætt með öðrum aðferðum: sem dæmi eru rekstraráhættur meðhöndlaðar eigindlega í gegnum svissneska gæðamatið (e. *Swiss Quality Assessment* (SQA)). Megingjaldþolskrafan, nefnd viðmiðunarmark gjaldþols samkvæmt svissnesku gjaldþolsprófuninni (SST), er reiknuð út til að ná yfir óvænt töp sem stafa af núverandi rekstri. Að auki er krafan um algjört lágmarksfjármagn (lágmarksgjaldþol) fyrir váttryggjendur breytileg með hliðsjón af váttryggingaviðskiptasviði samkvæmt svissnesku gjaldþolsprófuninni (SST). Báðar kröfur eru a.m.k. jafn strangar og tilsvareandi kröfur tilskipunar 2009/138/EB fyrir allar samsetningar viðskiptasviða núverandi váttryggjenda í Sviss. Varðandi líkön geta váttryggingafélög notað staðallíkan eða eigin líkan, ef svissneski fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA) krefst þess eða að þeirra eigin frumkvæði.
- 12) Í þriðja lagi, varðandi stjórnunarhætti er í svissnesku gjaldþolsreglunum krafa um að váttrygginga- og endurtryggingafélög komi á skilvirku stjórnkerfi, einkum er þeim skylt að vera með skýrt stjórnskipulag, hæfi- og hæfnikröfur fyrir þá sem í reynd stýra félögunum, skilvirkt ferli fyrir sendingu upplýsinga innan félaganna og til svissneska fjármálamarkaðseftirlitsaðilans (FINMA). Að auki hefur svissneski fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA) skilvirkt eftirlit með útvistudum starfssviðum og starfsemi.
- 13) Samkvæmt svissnesku gjaldþolsprófuninni (SST) er einnig krafa um að váttrygginga- og endurtryggingafélög og -samstæður hafi til staðar áhættustjórnunar-, reglufylgni-, innri endurskoðunar- og tryggingafræðisvið. Samkvæmt svissnesku gjaldþolsprófuninni (SST) á að vera til staðar áhættustjórnarkerfi sem fært er um að auðkenna, mæla, vakta, stjórna og tilkynna um áhættur, og skilvirkt innra eftirlitskerfi. Kröfurnar í tilskipun 2009/138/EB varðandi innri endurskoðun og reglufylgni fyrir einstök félög eru uppfylltar á fullnægjandi hátt í eftirlitsreglugerðinni um váttryggingar (ISO), því hún styrkir áhættustjórnunarkröfurnar og einkum skuldbindinguna um að hafa til staðar regluvörsluvið.
- 14) Samkvæmt gildandi reglum í Sviss er þess krafist að breytingar á fyrirtækjastefnu eða stjórnun váttrygginga- og endurtryggingafélaga eða -samstæðna eða á virkum eignarhlut í slíkum félögum eða samstæðum verði að vera í samræmi við trausta og varfærna stjórnun. Einkum skal tilkynna yfirtökur, breytingar á viðskiptaáætlun eða virkum eignarhlutum váttrygginga- og endurtryggingafélaga eða váttryggingasamstæðna til svissneska fjármálamarkaðseftirlitsaðilans (FINMA), sem getur gripið til viðurlaga við hæfi ef réttlætlanlegt þykir, t.d. að banna yfirtöku.
- 15) Í fjórða lagi, varðandi gagnsæi, er krafa um að váttrygginga- og endurtryggingafélög og -samstæður veiti svissneska fjármálamarkaðseftirlitsaðilanum (FINMA) allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits, og að birta a.m.k. árlega, skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu þeirra. Kröfunum í tilskipun 2009/138/EB varðandi opinbera birtingu er mætt á fullnægjandi hátt í eftirlitsreglugerðinni um váttryggingar (ISO), þar sem þær gerðir eigindlegra og meginlegra upplýsinga sem birta á eru í samræmi við tilskipun 2009/138/EB. Samkvæmt eftirlitsreglugerðinni um

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stj. 12, 17.1.2015, bls. 1).

⁽²⁾ Við tilgreinum í núverandi gerð hvort við teljum váttryggingafélög vera á eininga- ('solo') eða samstæðustigi. Einstök félög geta verið hluti af samstæðu eða ekki.

vátryggingar (ISO) eiga vátrygginga- og endurtryggingafélög og -samstæður að birta upplýsingar um rekstrarstarfsemi sína, frammistöðu, áhættustjórnun, áhættusnið, aðferðir við mat að því er varðar tiltekin ákvæði, fjármagnsstjórnun og gjaldþol.

- 16) Í fimmta lagi, varðandi þagnarskyldu, samvinnu og upplýsingaskipti er að finna ákvæði í reglunum sem í gildi eru í Sviss um þagnarskyldu allra einstaklinga sem starfa eða hafa starfað fyrir svissneska fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA), þ.m.t. endurskoðendur og sérfræðingar sem koma fram fyrir hans hönd. Í þessum skyldum er jafnframt mælt fyrir um að ekki megi greina frá trúnaðarupplýsingum nema á samanteknu formi eða í útdrætti, með fyrirvara um tilvik sem falla undir refsirétt. Enn fremur mun svissneski fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA) eingöngu nota trúnaðarupplýsingar sem hann móttækur frá öðrum eftirlitsyfirvöldum til að framkvæma skyldur sínar og í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í lögum. Í reglunum sem í gildi eru í Sviss er þess einnig krafist að ef vátrygginga- og endurtryggingarfélag er lýst gjaldþrota eða tekið til lögboðinnar slitameðferðar, megi skýra frá trúnaðarupplýsingum ef þær snerta ekki þriðju aðila sem viðriðir eru tilraunir til að bjarga því félagi. Svissneski fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA) getur deilt trúnaðarupplýsingum sem hann móttækur frá öðrum eftirlitsyfirvöldum með yfirvöldum, aðilum eða einstaklingum sem falla undir þagnarskyldu í Sviss einungis eftir skýlaust samþykki þess eftirlitsyfirvalds. Hann hefur undirritað viljayfirlýsingu með öllum aðildarríkjum Sambandsins um að samræma alþjóðlega samvinnu, einkum skipti á trúnaðarupplýsingum.
- 17) Í sjötta lagi varðandi áhrifin af ákvörðunum sínum er svissneski fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA) og önnur svissnesk yfirvöld sem hafa umboð til að tryggja eðlilega stafsemi fjármálamarkaða, eins og seðlabanki Sviss og fjármálaráðuneytið, í stakk búin til að skilja hvernig ákvarðanir hafa áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins alþjóðlega, einkum þegar neyðarástand ríkir, og taka tillit til mögulegra sveiflumagnandi áhrifa þeirra þegar óvenjulegar hreyfingar eiga sér stað á fjármálamörkuðum. Samkvæmt gildandi reglum í Sviss funda framangreind yfirvöld reglulega og skiptast á upplýsingum um hvers konar fjármálastöðugleikaáhrættu og samræma aðgerðir. Það sama á sér stað á alþjóðavettvangi, þegar svissnesk yfirvöld skiptast á upplýsingum um málefni varðandi fjármálastöðugleika við samstarfshóp eftirlitsaðila aðildarríkja Sambandsins og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunar.
- 18) Í 378. og 380. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 eru einnig settar fram sérstakar viðmiðanir varðandi jafngildi fyrir endurtryggingastarfsemi og fyrir samstæðueftirlit.
- 19) Varðandi sérstöku viðmiðanirnar fyrir endurtryggingastarfsemi skv. 378. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, fellur stofnun og rekstur endurtrygginga undir fyrirframleyfi svissneska fjármálamarkaðseftirlitsaðilans (FINMA) sem byggir á nákvæmum lögbundnum stöðlum. Búin fyrirtæki í endurtryggingum falla undir gjaldþolsreglur sem í gildi eru í Sviss samkvæmt eftirlitsreglugerðinni um vátryggingar (ISO).
- 20) Varðandi sérstöku viðmiðanirnar fyrir samstæðueftirlit skv. 380. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, hefur svissneski fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA) heimild til að ákvarða hvaða félög falla undir gildissvið eftirlitsins á samstæðustigi og hafa eftirlit með vátrygginga- og endurtryggingafélögum sem eru hluti af samstæðu. Svissneski fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA) hefur eftirlit með öllum vátrygginga- og endurtryggingafélögum sem hluteignarfélag, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, beitt ráðandi eða verulegum áhrifum á.
- 21) Svissneski fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA) er fær um að meta áhættusnið, fjárhagsstöðu og gjaldþol vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem eru hluti af samstæðu og starfsstefnu þeirrar samstæðu.
- 22) Samkvæmt reglunum sem í gildi eru í Sviss heimila skýrslugjafa- og reikningsskilareglur vöktun á viðskiptum innan samstæðu og áhættusamþjöppun, sem vátrygginga- og endurtryggingasamstæður eiga að tilkynna a.m.k. árlega.
- 23) Samkvæmt reglunum sem í gildi eru í Sviss takmarkar svissneski fjármálamarkaðseftirlitsaðilinn (FINMA) notkun á gjaldþoli vátrygginga- eða endurtryggingafélags ef þau geta ekki á skilvirkan hátt gert það aðgengilegt til að ná yfir gjaldþolskröfu hluteignarfélagsins, sem gjaldþolsstaða samstæðunnar er reiknuð út fyrir. Útreikningurinn á gjaldþolsstöðu samstæðu leiðir til niðurstöðu sem er a.m.k. jafngild niðurstöðum aðferðanna sem settar eru fram í 230. og 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, án tvítalningar á gjaldþoli og eftir að fjármögnun innan samstæðu í gegnum gagnkvæma fjármögnun hefur verið útilokuð. Nánar til tekið, jafnvel þótt ekki sé að finna samstæðugjaldþolshlutfall sambærilegt ákvæðunum í 230. og 233. gr. tilskipunar 2009/138/EB, en aftur á móti röð gjaldþolshlutfalla á einingu innan samstæðu, nær sú röð yfir samspil allra eininga samstæðunnar og tekur þannig tillit til samstæðugerðarinnar.
- 24) Til samræmis við það, þar sem reglu- og eftirlitsfyrirkomulagið sem í gildi er í Sviss fyrir vátrygginga- og endurtryggingafélög og -samstæður uppfyllir allar viðmiðanir sem mælt er fyrir um í 378., 379. og 380. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35, er það álitnið uppfylla viðmiðunina um fullt jafngildi sem mælt er fyrir um í 172. gr. (2. mgr.), 227. gr. (4. mgr.) og 260. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2009/138/EB.

- 25) Framkvæmdastjórnin getur framkvæmt sérstaka endurskoðun sem varðar einstakt þriðja land eða yfirráðasvæði hvenær sem er utan hinnar almennu endurskoðunar, þegar þróun sem skiptir máli veldur því að nauðsynlegt er fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta viðurkenninguna sem veitt er með þessari ákvörðun. Framkvæmdastjórnin ætti að halda áfram að vakta þróun reglnanna sem í gildi eru í Sviss og uppfyllingu skilyrðanna sem þessi ákvörðun byggir á, með tæknilegri aðstoð frá Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni (EIOPA).
- 26) Tilskipun 2009/138/EB gildir frá og með 1. janúar 2016. Með þessari ákvörðun ætti þess vegna einnig að úrskurða gjaldþols- og varfærnisreglurnar sem í gildi eru í Sviss jafngildar, frá og með þeim degi.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Frá og með 1. janúar 2016 skulu gjaldþolsreglur sem í gildi eru í Sviss sem eiga við um endurtryggingastarfsemi félaga með aðalskrifstofu sína í Sviss, vera taldar jafngildar kröfunum í I. bálki tilskipunar 2009/138/EB.

2. gr.

Frá og með 1. janúar 2016 skulu gjaldþolsreglur sem í gildi eru í Sviss sem eiga við um váttrygginga- og endurtryggingafélög með aðalskrifstofur í Sviss vera taldar jafngildar kröfunum í VI. kafla í I. bálki tilskipunar 2009/138/EB.

3. gr.

Frá og með 1. janúar 2016 skulu varfærnisreglur sem í gildi eru í Sviss sem eiga við um eftirlit með váttrygginga- og endurtryggingafélögum innan samstæðu vera taldar jafngildar kröfunum í III. bálki tilskipunar 2009/138/EB.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.